

og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 120.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Bjarnason, sæti fangelsi 2 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 4 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 120.000.

Miðvikudaginn 18. júní 1980.

Nr. 77/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Hjálvari Andrésí Jónssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. maí 1980, sem barst réttinum 21. s. m. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Varnaraðili var kvaddur fyrir sakadóm Selfoss hinn 14. þ. m., og var honum þar gert kunnugt um framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Á sakavottorði varnaraðilja, dagsettu 7. febrúar 1980, sem lagt var fram í dómi, þegar hin kærða dómssátt var gerð, segir, að varnaraðili hafi ekki sætt refsingu, svo kunnugt sé.

Hinn 17. maí 1978 gekkst varnaraðili undir dómssátt í

sakadómi Árnassýslu, þar sem honum var gert að greiða 50.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, og hann sviftur ökuleyfi í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Varnaraðili var því kærður fyrir ítrekað brot, framið 9. desember 1979, gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, í máli því, sem lyktaði í hér- aði með hinni kærðu dómssátt. Óheimilt var að ljúka málinu með þeim hætti, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Árnassýslu 29. febrúar 1980.

Ár 1980, föstudaginn 29. febrúar, var dómþing sakadóms Árnassýslu háð í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns Páli Björnssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið 22/80: Ætlað áfengis- og umferðarlaga- brot Hjálmars Andrésar Jónssonar.

Dómarinn leggur fram eftirfarandi skjöl, sem fylgja í frumriti: nr. 1. bréf bæjarfógetans í Kópavogi, nr. 2 skýrslu lögreglunnar, nr. 3 varðstjóraskýrslu, nr. 4 beiðni um blóðtöku, nr. 5 alkóhól- ákvörðun K.Ó. 112/1979, nr. 6 sakavottorð.

Klukkan 1330 mætir í dóminn kærði, Hjálmar Andrés Jónsson nemi, Lyngheiði 2, fæddur 26. janúar 1960 að Skógum, Austur- Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Kærða er kunnbert tilefni yfirheyrslunnar og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið ú umrætt skipti, hafi verið reducerandi efni, er samsvara 1.98% af alkóhóli.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn

kærða að ljúka málinu án málssóknar gegn því, að hann fallist á að greiða kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968 og 33. gr. laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 og 81. gr. laga nr. 40/1968, en brot hans þykir efnislega varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1969 og 1. mgr. 24. gr. áfengis- laga nr. 82/1969.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1. júní 1980, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 18.985, fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin tekur nú þegar gildi, en kærði segir ökuskírteini sitt glatað.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Miðvikudaginn 18. júní 1980.

Nr. 73/1978. **Kirkjusandur h/f**
(Vilhjálmur Árnason hrl.)
gegn
Gunnari I. Hafsteinssyni
og gagnsök
(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

Samningar. Fiskkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfa- son og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með